



Ritrýnd grein birt 31. desember 2011

Þóroddur Bjarnason

## Framtíðarbúseta unglunga af erlendum uppruna

Í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 hefur erlendum ríkisborgurum fækkað talsvert á Íslandi. Helsta ástæða þess er brottflutningur karlmannna á aldrinum 20–40 ára sem voru einir síns liðs á Íslandi um lengri eða skemmri tíma vegna atvinnu. Hins vegar hefur börnum með erlendan ríkisborgararétt fjölgað hér á landi eftir hrun og hafa aldrei verið fleiri. Tveir af hverjum tíu unglungum, sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna, telja mjög líklegt að þeir muni í flytja af landi brott fyrir fullt og allt og jafnmargir telja slíkt mjög ólíklegt. Meðal nemenda af íslenskum uppruna, sem fæddir eru hér á landi, telja hins vegar aðeins einn af hverjum tuttugu mjög líklegt að þeir muni gera slíkt en rúmlega einn af hverjum þremur telur það mjög ólíklegt. Þeir sem helst ætla að verða um kyrrt á Íslandi eru fæddir hér á landi, búa utan höfuðborgarsvæðisins og eru mjög stoltir af því að vera íslenskir. Jafnframt eru þeir líklegri til að eiga móður, sem ekki er með háskólapróf, og til þess að eiga mjög góð samskipti við móður en síður líklegir til að eiga mjög góð samskipti við besta vin. Hins vegar eru unglingar, sem helst ætla að flytja af landi brott, líklegri til þess að vera fæddir erlendis, búa á heimilum þar sem íslenska er ekki töluð eða eiga annað foreldrið af erlendum uppruna. Jafnframt eru þeir líklegri til að meta fjárhagsstöðu fjölskyldunnar mjög góða og vera í mjög góðum tengslum við feður sína. Hins vegar eru tengsl þeirra við besta vin lakari, þeim líkar verr í skóla og eru síður stoltir af því að vera íslenskir.

Þóroddur Bjarnason er prófessor við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri.

### Future residence of adolescents of foreign descent

The number of foreign citizens has decreased substantially in the wake of the economic collapse of 2008. The main reason is the emigration of 20–40 year old males who were working in Iceland without their families. In contrast, the number of children with foreign citizenship has increased after the collapse and has never been higher. Two out of every three adolescents with two parents of foreign origin report that it is very likely that they will emigrate permanently in the future, but the same number finds it very unlikely. Only one out of every twenty adolescents of Icelandic origin that were born in Iceland find it very likely but one out of three find it very unlikely. Adolescents born in Iceland, living outside the capital region and very proud of being Icelandic, are most likely to intend to stay in Iceland in the future. The main predictors of intending to leave include being born abroad, living in a home where a foreign language is spoken, having either or

both parents of foreign descent, affluent family background and strong relations with father. On the other hand, those intending to leave have weaker relations with best friend, report less educational achievement and are less proud of being Icelandic.

The author is professor at the School of Humanities and Social Sciences, University of Akureyri.

## Inngangur

Líkt og á fyrri öldum var hlutfall fólks af erlendum uppruna mjög lágt á Íslandi á 20. öld. Aldamótaárið 2000 voru erlendir ríkisborgarar á Íslandi um 7.300 talsins eða aðeins 2,6% af öllum íbúum landsins, samanborið við 1,9% árið 1950 (Hagstofa Íslands, 2011a). Á fyrsta áratug 21. aldar fjölgaði erlendum ríkisborgurum hins vegar mjög og náði fjöldi þeirra hámarki í ársbyrjun 2009 þegar um 24.400 erlendir ríkisborgarar voru búsettir á landinu eða 7,6% landsmanna. Í efnahagskreppunni, sem fylgdi falli íslensku bankanna haustið 2008, fækkaði þeim nokkuð að nýju og voru þeir um 21.100 eða 6,6% þjóðarinnar í ársbyrjun 2011. Engu að síður voru erlendir ríkisborgarar þá nærri þrefalt fleiri en þeir höfðu verið árið 2000.

Fækkun erlendra ríkisborgara á allra síðustu árum er að mestu leyti bundin við karlmenn sem komu hingað til lands sem farandverkamenn á þenslutímanum og hurfu á braut þegar kreppti að í íslensku efnahagslífi (Ólöf Garðarsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2010). Frá 2009 til 2011 fækkaði körlum átján ára og eldri með erlent ríkisfang þannig um rúmlega 3.100 eða um 25% (Hagstofa Íslands, 2011b). Konum á sama aldri fækkaði hins vegar aðeins um u.þ.b. 400 eða um 4,5% og fyrir vikið minnkaði kynjahalli meðal erlendra ríkisborgara 18 ára og eldri úr 710 konum í 904 konur á hverja 1.000 karla. Börnum undir átján ára aldri með erlendan ríkisborgararétt fjölgaði hins vegar um tæplega 300 eða um 10% frá 2009 til 2011. Því virðist sem fleira fjölskyldufólk af erlendum uppruna sé nú búsett hér á landi en nokkru sinni fyrr og um varanlega breytingu á samsetningu þjóðarinnar kunni að vera að ræða.

Í ársbyrjun 2011 voru um 81% barna yngri en 18 ára fædd á Íslandi og átta íslenska foreldra, en um 3% til viðbótar höfðu íslenskan bakgrunn en voru fædd erlendis (Hagstofa Íslands, 2011c). Þá átta um 10% barna á Íslandi eitt erlent og eitt íslenskt foreldri en um 6% til viðbótar átta báða foreldra af erlendum uppruna. Því er nærri fimmta hvert barn á Íslandi annaðhvort fætt erlendis eða á foreldra sem fæddust erlendis. Þetta eru mikil umskipti frá því sem var á 20. öld og hefur hlutfall barna með einhvern erlendan bakgrunn væntanlega ekki verið svo hátt frá því á landnámsöld.

Framtíð fjölmenningsarsamfélagsins á Íslandi veltur annars vegar á aðflutningum fólks af erlendum uppruna og hins vegar í hversu miklum mæli þeir sem hér eru búsettir í lengjast í landinu. Ákvarðanir ungs fólks af erlendum uppruna um framtíðarbúsetu munu því hafa mikil áhrif á framtíðarþróun íslensks samfélags. Jafnframt eru viðhorf unglinga af erlendum uppruna til framtíðarbúsetu mælikvarði á aðlögun þeirra að íslensku samfélagi og ekki síður mikilvægur mælikvarði á aðlögun íslensks skólakerfis og samfélags að þessum nýja hópi skólanema.

## Rannsóknir á stöðu skólanema af erlendum uppruna

Alþjóðlegar rannsóknir benda til þess að staða unglinga af erlendum uppruna sé ýmist betri eða verri en staða innlendra jafnaldrar þeirra og velti staða þeirra meðal annars á menningu upprunalandins, menningu viðtökulandsins, þeim móttökum sem innflytjendur

njóta og þeirra þátta í lífskjörum og lífsháttum sem lítið er til. Þannig reyndust unglingar meðal rússneskra innflytjenda í Ísrael til dæmis byrja vímuefnaneyslu fyrr, drekka meira áfengi og eiga við meiri áfengisvandamál að stríða en jafnaldrar þeirra sem fæddir voru í landinu (Israelowitz og Slonim-Nevo, 2002). Unglingar af tyrkneskum uppruna í Hollandi reyndust jafnframt líklegri til afbrota en bæði unglingar af hollenskum uppruna og jafnaldrar þeirra í Tyrklandi (Janssen o.fl., 2004). Hins vegar voru færri hegðunarvandamál hjá unglungum af erlendum en innlendum uppruna í Kanada (Ma, 2002) og Ástralíu (Davies og McKelvey, 1998) og unglingar af erlendum uppruna í Massachusetts í Bandaríkjunum drukku minna af áfengi og reyktu minna marjúána en aðrir unglingar (Blake, Ledsky, Goodenow og O'Donnell, 2001).

Mikil aðlögun unglunga af erlendum uppruna að nýrri menningu virðist jafnframt ýmist hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á líðan þeirra og lífsstíl. Þannig sýndu Vazsonyi og Killas (2001) til dæmis fram á að unglingar af annarri kynslóð innflytjenda til Sviss voru líklegri til að brjóta af sér en jafnaldrar þeirra af fyrstu kynslóð innflytjenda eða af svissneskum uppruna. Þá leiddi rannsókn meðal líbanskra innflytjenda af fyrstu og annarri kynslóð í Kanada í ljós að sterk líbönsk þjóðernisvitund tengdist færri vandamálum í daglegu lífi og minna þunglyndi en sterk kanadísk þjóðernisvitund (Gaudet, Clement og Deuzeman, 2005).

Það tungumál, sem talað er á heimilinu, virðist með sama hætti ýmist hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á stöðu unglunga af erlendum uppruna í mismunandi löndum. Þannig áttu unglingar af mexíkóskum uppruna í Bandaríkjunum til dæmis við meiri hegðunar- og þunglyndisvanda að stríða eftir því sem enska er meira töluð á heimilum þeirra (Gonzales, Dearnorff, Formoso, Barr og Barrera, 2006). Hins vegar voru bandarískir unglingar, sem ekki tala ensku heima hjá sér, líklegri til að verða fyrir einelti (Yu, Huang, Schwalberg, Overpeck og Kogan, 2003). Í samanburðarrannsókn á annarri kynslóð tyrkneskra innflytjenda í Svíþjóð og Hollandi (Vedder og Virta, 2005) kom fram að færni í upprunamáli og sterk þjóðernisvitund upprunalandans tengdist betri aðlögun að skóla og færri hegðunarvandamálum í Svíþjóð. Ekkert slíkt samband kom hins vegar fram í Hollandi. Höfundar tengja þennan mun ólíkri stefnu í málefnum innflytjenda, þar sem Svíar leggi áherslu á að styrkja börn í uppruna sínum en Hollendingar á aðlögun að hollensku og hollenskri menningu.

Það stendur þekkingaröflun á þessu sviði nokkuð fyrir þrifum hversu fátíðar samanburðarrannsóknir eru þar sem beitt er staðlaðri aðferðafræði á sama aldurshóp í mörgum löndum. Í rannsókn á stöðu unglunga af erlendum uppruna í tólf Evrópulöndum kom þó í ljós að efnahagsstaða þeirra var að meðaltali lakari en annarra unglunga en engin önnur skýr mynstur fundust sem áttu við um öll löndin hvað varðaði heilsu, tengsl við foreldra eða vini, upplifun af skóla eða áhættuhegðun. Í sumum löndum voru unglingar af erlendum uppruna betur staddir en aðrir, í öðrum hvorki betur né verr staddir og í enn öðrum löndum stóðu þeir verr að vígi en aðrir unglingar (Molcho o.fl., 2010).

Þessar fjölbreyttu og nokkuð mótsagnarkenndu niðurstöður erlendra rannsókna endurspeglar hversu ólíkar aðstæður innflytjenda af mismunandi uppruna eru í mismunandi löndum. Því er ekki hægt að heimfæra niðurstöður erlendra rannsókna upp á íslenskar aðstæður heldur er nauðsynlegt að kortleggja veruleika fólks af erlendum uppruna í íslensku samfélagi. Íslenskar rannsóknir á þessu sviði benda eindregið til þess að staða unglunga af erlendum uppruna á Íslandi sé að ýmsu leyti verri en jafnaldra þeir af íslenskum uppruna. Í einni fyrstu rannsókninni á þessu efni komust Gyedu-Adomako, Inga D. Sigfúsdóttir og Bryndís B. Ásgeirsdóttir (2000) að því að unglingar, sem áttu íslensku ekki að móðurmáli, voru líklegri til að hafa notað ávana- og fíkniefni, eiga við andlega erfiðleika að stríða og líða illa í skóla. Félagsleg tengsl þeirra voru verri og þeim gekk verr í námi.

Í viðtalsrannsókn Hönnu Ragnarsdóttur (2004) kom jafnframt fram að börn af erlendum uppruna eigi oft fáa féлага og eiga helst féлага sem einnig eru af erlendum uppruna. Hins vegar vegnar börnum af erlendum uppruna betur í skólum sem hafa markvissa stefnu í málefnum innflytjenda, þar sem starfsfólk hefur góða þekkingu á fjölmeningarsamfélaginu, traust ríkir milli heimilis og skóla og skólustarfið er sveigjanlegt (Hanna Ragnarsdóttir, 2004).

Viðamikil rannsókn meðal 15–16 ára unglunga vorið 2006 leiddi með sama hætti í ljós að nemendur af erlendum uppruna stóðu að mörgu leyti höllum fæti (Þóroddur Bjarnason, 2006). Þeim leið verr í skóla, fannst bekkjarfélagarnir óvingjarnlegri og voru líklegri til að verða fórnarlömb eineltis en skólasystkin þeirra af íslenskum uppruna. Þeir voru jafnframt líklegri til að reykja daglega, hafa orðið drukkin og hafa stundað samfarir fyrir lok grunnskólans. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að það tungumál, sem talað er á heimili nemendanna, spáði best fyrir um slík vandamál, en fæðingarland nemendanna sjálfra hafði lítið forspárgildi.

## Viðfangsefni þessarar rannsóknar

Vaxandi fjöldi rannsókna, sem sýnir að unglingar af erlendum uppruna standa höllum fæti í íslensku samfélagi, hlýtur að vekja þá spurningu hvort líklegt sé að þessi hópur muni kjósa að búa áfram á Íslandi þegar hann vex úr grasi. Að mörgu leyti gæti verið eðlilegt að unglingar, sem hafa fjölskyldutengsl og reynslu af mismunandi menningarheimum, leiti á brott ef þeir telja sig ekki vera velkomna eða standa höllum fæti í íslensku samfélagi.

Viðhorf unglunga af erlendum uppruna á Íslandi til framtíðarbúsetu hafa ekki verið skoðuð sérstaklega svo að höfundur viti til en rannsóknir á framtíðaráformum íslenskra unglunga almennt veita nokkra vísbendingu. Á Íslandi eru stúlkur yfirleitt líklegri til að ætla að flytja af landi brott, sem og þeir sem eiga menntaðri foreldra, og þeir sem hyggja á bóknað eða vinnumarkað að loknu grunnskólaprófi (Þóroddur Bjarnason, 2007). Þá eru þeir sem hafa búið erlendis í meira en ár, tala annað mál en íslensku heima hjá sér, samsama sig Evrópu eða eru ekki stoltir af íslensku þjóðerni líklegri til að ætla að flytja af landi brott. Þeir sem búa í sveitum eða hyggja á iðnnám eru hins vegar ólíklegri til þess að hafa slíkar fyrirætlanir. Stelpur eru líklegri til að vilja flytja til Norðurlandanna en strákar til enskumælandi stórvelda á borð við Bandaríkin og Bretland (Þóroddur Bjarnason, 2009).

Hér verður hugað að viðhorfum og framtíðaráformum hins stækkandi hóps unglunga af erlendum uppruna. Sjónum er sérstaklega beint að skólanemum sem eiga annað eða bæði foreldri af erlendum uppruna og samanburði þeirra við jafnaldra af íslenskum uppruna sem ýmist eru fæddir hér á landi eða erlendis. Þættir sem halda í nemendur geta verið ólíkir þeim þáttum sem bægja þeim á brott og því eru þeir hópar, sem ætla mjög líklega að flytja á brott og sem ætla mjög líklega að vera um kyrrt, skoðaðir sérstaklega í samanburði við þá unglunga sem hafa ekki sterka skoðun á framtíðarbúsetu sinni.

Þá eru unglingar af íslenskum og erlendum uppruna teknir saman í fjölflokka aðhvarfsgreiningu til að hægt sé að meta að hvaða marki uppruni nemenda hefur áhrif á afstöðu þeirra til að vera um kyrrt eða flytjast á brott. Jafnframt er prófað að hvaða marki sá munur, sem fram kann að koma, skýrist af öðrum þáttum sem í fyrri rannsóknum hafa reynst spá fyrir um búsetufyrirætlanir unglunga.

## Aðferð og gögn

Í þessari rannsókn er byggt á gögnum alþjóðlega rannsóknarverkefnisins *Heilsa og lífskjör skólanema* (e. *Health Behaviour in School-Aged Children, HBSC*) sem fram fór veturinn 2009–2010 (Þóroddur Bjarnason, Andrea Hjálmsdóttir og Ársæll Már Arnarsson, 2010). Staðlaðir spurningalistar *HBSC* voru lagðir fyrir alla nemendur í 6., 8. og 10. bekk

sem mættir voru í skólann á fyrirlagnardegi. Hér er byggt á svörum þeirra 3.858 nemenda í 10. bekk sem þátt tóku í rannsókninni, en það eru 85,5% skráðra nemenda veturinn 2009–2010.

Hlutfall stráka og stelpna var nokkuð jafnt og í góðu samræmi við hlutfallið í þýðinu. Veturinn 2009–2010 voru stelpur 49% þátttakenda en samkvæmt Hagstofu Íslands (2011d) voru þær 48% nemenda í 10. bekk haustið 2009. Um 56% þátttakenda bjuggu á höfuðborgarsvæðinu samanborið við 60% allra nemenda í 10. bekk samkvæmt Hagstofu Íslands (2011d). Alls sögðust 8% nemenda vera fæddir erlendis en samkvæmt Hagstofu Íslands (2011c) átti það við um 7% þeirra sem voru 15 ára 1. janúar 2010. Í könnuninni sögðu um 4% svarenda báða foreldra sína vera fædda erlendis en það er sama hlutfall og 1. janúar 2010 samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands (2011c).

Í eftirfarandi greiningu er þátttakendum skipt í fjóra hópa eftir uppruna foreldra; (1) báðir foreldrar af erlendum uppruna, (2) annað foreldrið af erlendum uppruna, (3) báðir foreldra af íslenskum uppruna, þátttakandi fæddur erlendis, og (4) báðir foreldrar af íslenskum uppruna, þátttakandi fæddur hér á landi. Jafnframt voru unglíngarnir spurðir að því hvort íslenska sé töluð á heimilinu.

Eftirfarandi greining byggir á fjölflokka aðhvarfsgreiningu (*multinomial regression*) þar sem lítið er á fylgibreytuna sem nafnbreytu með þrjú eða fleiri gildi og er eitt þeirra tekið sem samanburðargildi (Pampel, 2000). Í þessu tilviki er fylgibreytan byggð á spurningu um hversu líklegt svarendur telji að þeir muni flytja af landi brott fyrir fullt og allt í framtíðinni (1: Mjög ólíklegt, 2: Frekar ólíklegt, 3: Hvorki né, 4: Frekar líklegt, 5: Mjög líklegt). Svör við spurningunni voru endurkóðuð þannig að þeir sem töldu slíkt mjög ólíklegt fengu gildið -1 og þeir sem töldu það mjög líklegt fengu gildið 1, en aðrir fengu gildið núll. Þeir sem fengu gildið núll voru skilgreindir sem samanburðarhópur í fjölflokka aðhvarfsgreiningunni. Áhrifastuðlar frumbreytanna (B) eru umreiknaðir ( $\exp(B)$ ) sem líkindahlutfall (e. *odds ratio*, OR) en marktækni mismunar tveggja stuðla er reiknuð sem 95% öryggisbil ( $B_{\Delta CI95\%}$ ). Í *Töflu 2* eru gefin upp tvíhliða (e. *bivariate*) líkindi þar sem áhrif hvers forspárþáttar um sig eru metin sérstaklega en í *Töflu 3* eru gefin upp marghliða (e. *multivariate*) líkindi þar sem áhrif margra forspárþátta eru metin í einu.

Ýmsir þættir í lífi og lífsviðhorfum unglínganna eru þannig metnir til að hægt sé að prófa hvort þeir skýri mismunandi framtíðaráform þeirra hvað búsetu varðar. Í öllum tilvikum eru slíkir forspárþættir kóðaðir sem tvískiptar breytur (0–1). Þannig er tekið tillit til þess hvort nemendur búi hjá báðum foreldrum, hvort faðir sé með háskólapróf, hvort móðir sé með háskólapróf og hvort nemendur meti það svo að efnahagsstaða fjölskyldunnar sé mjög góð. Jafnframt er spurt hvort unglíngarnir telji samskipti sín við móður, föður eða besta vin vera mjög góð eða ekki.

Þá er skólaumhverfi mælt með þrennum hætti. Í fyrsta lagi eru borin kennsl á þá nemendur sem líkar mjög vel í skólanum. Í öðru lagi þá nemendur sem segja meðaleinkunn sína í skóla vera 8 eða hærri og í þriðja lagi þá nemendur sem segja skólafélaga sína vera mjög vingjarnlega.

Loks er samsömun unglínganna við Ísland notuð til að spá fyrir um búsetufyrirætlanir. Þannig er hugsanlegt að munur á framtíðarbúsetu eftir uppruna foreldra skýrist að hluta til af því að unglíngar af erlendum uppruna upplifi sig ekki fyllilega sem hluta þjóðarinnar. Vægari mælingin á þeim þætti snýst um hvort unglíngar séu mjög stoltir af því að vera Íslendingar. Sterkari mælingin snýr að því hvort unglíngar af erlendum uppruna líti yfirhöfuð á sig sem Íslendinga.

**Tafla 1 – Hversu líklegt nemendur í 10. bekk töldu að þeir myndu í framtíðinni flytja af landi brott fyrir fullt og allt, 2009–2010.**

	Erlendur uppruni (n=463)		Íslenskur uppruni (n=3.395)	
	Báðir foreldrar	Annað foreldrið	Fædd erlendis	Aðrir
<b>Mjög ólíklegt</b>	19%	27%	23%	36%
<b>Frekar ólíklegt</b>	8%	19%	24%	24%
<b>Hvorki né</b>	33%	31%	28%	26%
<b>Frekar líklegt</b>	21%	12%	18%	9%
<b>Mjög líklegt</b>	19%	12%	7%	5%

Kíkvaðratpróf ( $\chi^2$ : 130,2; df:12)  $p < 0,001$

## Niðurstöður

Tafla 1 sýnir hversu líklegt nemendur af mismunandi bakgrunni telja að þeir muni í framtíðinni flytja af landi brott fyrir fullt og allt. Tölfræðilega marktækur munur er á viðhorfum hópanna fjögurra til þess hversu líklegt eða ólíklegt þeir telja að þeir muni í framtíðinni flytja af land brott fyrir fullt og allt.

Af þeim unglingum, sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna, telja 19% mjög ólíklegt að þeir flytji af landi brott fyrir fullt og allt, samanborið við 27% þeirra sem eiga annað foreldrið erlent og 23% þeirra sem eru af íslenskum uppruna en fædd erlendis. Hæst er þetta hlutfall 36% meðal unglunga af íslenskum uppruna sem fædd eru hér á landi. Þeir sem telja frekar eða mjög ólíklegt að þeir flytji á brott eru samanlagt um 60% nemenda af íslenskum uppruna sem fæddir eru á Íslandi en aðeins 27% þeirra sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna.

Með sama hætti er hlutfall þeirra sem telja það frekar eða mjög líklegt að þeir muni flytja af landi brott fyrir fullt og allt hæst 19% meðal þeirra sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna en lægst 5% meðal unglunga af íslenskum uppruna sem fæddir eru á Íslandi. Þar á milli er hlutfallið 12% meðal þeirra sem eiga annað foreldrið erlent og 7% meðal þeirra sem eru af íslenskum uppruna en fædd erlendis. Samanlagt telja 40% nemenda, sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna, frekar eða mjög líklegt að þeir muni flytja á brott en aðeins 14% nemenda af íslenskum uppruna sem fæddir eru hér á landi eru sama sinnis.

Tafla 2 sýnir líkur þess að nemendur telji mjög líklegt að þeir verði um kyrrt eða mjög líklegt að þeir flytji á brott fyrir fullt og allt eftir einstökum forspárþáttum. Aðrir nemendur eru samanburðarhópur greiningarinnar og því verður að túlka líkindin sem muninn á þeim sem ætla að vera um kyrrt eða fara á brott samanborið við þá sem eru óvissir.

Stelpur af íslenskum uppruna eru marktækt ólíklegri en strákar til að ætla mjög líklega að verða um kyrrt á Íslandi, en ekki er marktækur kynjamunur á því að ætla mjög líklega að flytja á brott. Þannig er líkindahlutfall þess að stelpur af íslenskum uppruna ætli mjög líklega að vera um kyrrt á Íslandi 0,82. Það mætti einnig setja fram með þeim hætti að strákar séu 1/0,82 eða 1,22 sinnum líklegri til að ætla að vera um kyrrt.

Þar sem nemendur af erlendum uppruna eru tiltölulega fáir þurfa sambönd að vera sterk til að vera tölfræðilega marktæk. Í þessu tilviki er kynjamunur meðal nemenda af erlend-

**Tafla 2 – Fjölflokka aðhvarfsgreining á tengslum einstakra þátta við fyrirætlanir 15–16 ára skólanema um að verða um kyrrt eða flytja af landi brott (tvíhliða líkindi).**

	Erlendur uppruni (n=463)		Íslenskur uppruni (n=3.395)	
	Um kyrrt	Á brott	Um kyrrt	Á brott
<b>Kyn</b>				
Stelpur	0,67#	0,99	0,82**	0,85
<b>Búseta:</b>				
Höfuðborgarsvæði	1,20	0,70	0,69***	1,22
<b>Uppruni</b>				
Fædd erlendis	0,51**	2,75***	0,56*	1,33
Báðir foreldrar erlendir	0,73	1,69#	---	---
Íslenska ekki töluð á heimili	0,75	2,10**	---	---
<b>Fjölskylduumhverfi</b>				
Býr hjá báðum foreldrum	0,67	0,80	1,11	0,93
Faðir með háskólapróf	0,74	0,83	0,77***	0,66*
Móðir með háskólapróf	0,73	0,70	0,71***	0,73*
Efnahagsstaða mjög góð	1,39	1,91*	1,11	1,40#
<b>Mjög góð samskipti</b>				
Samskipti við móður	1,22	1,01	1,28***	0,97
Samskipti við föður	1,19	1,09	1,35***	1,60**
Samskipti við besta vin	0,72	0,49*	0,94	0,94
<b>Skólaumhverfi</b>				
Líkar mjög í skóla	1,31	0,74	1,07	0,56***
Meðaleinkunn 8 eða hærra	0,55**	1,26	0,91	0,75#
Skólafélagar mjög vingjarnlegir	1,20	1,51	1,28**	0,86

# p<0,10 \* p<0,05 \*\* p<0,01 \*\*\* p<0,001

um uppruna ekki marktækur, en ekki er heldur marktækur munur á sambandinu eftir uppruna ( $B_{\Delta CI95\%} 0,19 \pm 0,49$ ). Því er ekki hægt að fullyrða að kynjamunur sé annar hjá nemendum af erlendum en íslenskum uppruna.

Ekki er marktækur munur á fyrirætlunum nemenda af erlendum uppruna um að vera um kyrrt eða flytjast á brott eftir því hvort þeir eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu eða utan þess. Hins vegar eru nemendur af íslenskum uppruna á höfuðborgarsvæðinu marktækt

ólíklegri til að ætla að búa áfram á Íslandi en aðrir nemendur af íslenskum uppruna og er munurinn á þeim og nemendum af erlendum uppruna tölfræðilega marktækur ( $B_{\Delta CI95\%} 0,55 \pm 0,51$ ). Þannig er líkindahlutfall nemenda af íslenskum uppruna á höfuðborgarsvæðinu 0,69 en það samsvarar því að nemendur af íslenskum uppruna utan höfuðborgarsvæðisins séu 1,45 sinnum líklegri til að ætla að vera um kyrrt.

Nemendur, sem fæddir eru erlendis, eru marktækt ólíklegri til að ætla að verða um kyrrt og er ekki marktækur munur eftir uppruna ( $B_{\Delta CI95\%} 0,11 \pm 0,67$ ). Nemendur af erlendum uppruna eru hins vegar marktækt líklegri til að ætla að flytja á brott ef þeir eru fæddir erlendis en slíkur munur er ekki marktækur meðal nemenda af íslenskum uppruna. Þá kemur fram að nemendur af erlendum uppruna eru marktækt líklegri til að ætla að flytja af landi brott ef íslenska er ekki töluð á heimilum þeirra. Það vekur hins vegar athygli að tungumál á heimili hefur ekki marktæk áhrif á þann hóp sem ætlar að vera um kyrrt. Eðli málsins samkvæmt á þessi breyta ekki við um nemendur af íslenskum uppruna.

Börn, sem búa hjá báðum foreldrum, eru hvorki líklegri til að ætla að verða um kyrrt né líklegri til að ætla að flytjast af landi brott. Gildir þá einu hvort þau eru af íslenskum eða erlendum uppruna. Hins vegar tengist menntun foreldra búsetuáformum unglunga með athyglisverðum hætti. Unglingar, sem eiga foreldra með háskólapróf, eru marktækt líklegri til að ætla annaðhvort að vera um kyrrt eða flytja af landi brott, en þeir sem eiga foreldra sem ekki eru með háskólapróf eru þar með marktækt líklegri til að vera óákveðnir. Þetta á við um bæði menntun móður og menntun föður.

Þessi sambönd eru marktæk fyrir nemendur af íslenskum uppruna en ekki fyrir nemendur af erlendum uppruna. Hins vegar eru stuðlarnir mjög svipaðir fyrir nemendur af innlendum og erlendum uppruna. Ekki er marktækur munur á þeim hópum, hvort sem lítið er til sambands þess að ætla að vera um kyrrt við menntun móður ( $B_{\Delta CI95\%} 0,02 \pm 0,50$ ) eða föður ( $B_{\Delta CI95\%} 0,05 \pm 0,51$ ) eða sambands þess að ætla að fara á brott við menntun föður ( $B_{\Delta CI95\%} 0,23 \pm 0,70$ ). Þá er sambandið við menntun móður ( $B_{\Delta CI95\%} 0,68 \pm 0,67$ ) á mörkum þess að vera tölfræðilega marktækt. Mjög góð efnahagsstaða foreldra tengist því ekki marktækt hvort nemendur séu ákveðnir að vera um kyrrt. Hins vegar eru nemendur af erlendum uppruna marktækt líklegri til að vera ákveðnir að flytja á brott ef þeir meta efnahagsstöðu fjölskyldu sinnar mjög góða.

Nemendur af íslenskum uppruna eru 1,28 sinnum líklegri til að ætla að vera um kyrrt þegar samskipti þeirra við móður eða föður eru mjög góð og 1,35 sinnum líklegri þegar samskipti þeirra við föður eru mjög góð. Mjög góð samskipti við móður tengjast ekki brottflutningi en athygli vekur að mjög góð samskipti við föður tengjast marktækt meiri líkum á því að unglingar af íslenskum uppruna ætli að flytja á brott. Mjög góð samskipti við besta vin tengist ekki fyrirætlunum um að fara eða vera meðal nemenda af íslenskum uppruna. Nemendur af erlendum uppruna eru hins vegar ólíklegri til að ætla að fara ef tengsl þeirra við besta vin eru mjög góð.

Nemendum, sem líkar mjög vel í skóla, eru hvorki líklegri né ólíklegri til að ætla að verða um kyrrt. Nemendum af íslenskum uppruna, sem líkar mjög vel í skólanum, eru hins vegar marktækt ólíklegri til að ætla að flytja á brott. Svipað samband er að að finna meðal nemenda af erlendum uppruna en það er ekki marktækt. Á hinn bóginn er heldur ekki marktækur munur á nemendum eftir uppruna ( $B_{\Delta CI95\%} 0,30 \pm 0,59$ ). Meðaleinkunn 8 eða hærra hefur ekki marktæk áhrif á fyrirætlanir nemenda af íslenskum uppruna um að vera um kyrrt eða fara á brott. Fyrir nemendur af erlendum uppruna er meðaleinkunn yfir átta hins vegar tengd marktækt minni líkum á því að vera um kyrrt.

Þá eru nemendur af íslenskum uppruna líklegri til að verða um kyrrt ef þeim finnst skólafélagarnir mjög vingjarnlegir. Svipað mynstur er að finna meðal nemenda af erlendum



**Tafla 3 – Niðurstöður fjölflokka aðhvarfsgreiningar á fyrirætlunum 15–16 ára skólanema um að verða um kyrrt eða flytja af landi brott (marghliða líkindi).**

	Líkan 1		Líkan 2	
	Um kyrrt	Á brott	Um kyrrt	Á brott
<b>Kyn</b>				
Stelpur	0,80***	0,89	0,93	1,08
<b>Búseta:</b>				
Höfuðborgarsvæðið	0,72***	1,05	0,79***	1,15
<b>Uppruni</b>				
Báðir foreldrar erlendir	0,50**	3,70***	0,68	0,58
Annað foreldri erlent	0,73*	2,19***	0,84	1,79**
<b>Erlend tengsl</b>				
Fædd erlendis			0,61**	1,66*
Íslenska ekki töluð á heimili			1,46	2,46**
<b>Fjölskylduumhverfi</b>				
Býr hjá báðum foreldrum			0,99	1,14
Faðir með háskólapróf			0,88	0,74
Móðir með háskólapróf			0,79**	0,87
Efnahagsstaða mjög góð			1,10	1,79***
<b>Mjög góð samskipti</b>				
Samskipti við móður			1,19*	0,92*
Samskipti við föður			1,13	1,70*
<b>Mjög góð samskipti:</b>				
Samskipti við móður			1,19*	0,92*
Samskipti við föður			1,13	1,70*
Samskipti við besta vin			0,84*	0,79*

# p<0,10 \* p<0,05 \*\* p<0,01 \*\*\* p<0,001

uppruna en það er hvorki marktækt ólíkt núlli né marktækt ólíkt því sem er að finna meðal jafnaldra af íslenskum uppruna ( $B_{\Delta CI95\%} 0,07 \pm 0,61$ ). Hins vegar tengjast vingjarnlegir skólafélagar ekki líkum á því að ætla mjög líklega að flytja á brott.

Unglingar af íslenskum eða erlendum uppruna, sem eru mjög stoltir af því að vera íslenskir eru sem vænta mátti mun líklegri til að ætla að búa áfram á Íslandi og mun ólíklegri til að ætla að flytja í burtu. Nokkur hópur nemenda af erlendum uppruna lítur ekki á sig sem Íslendinga og er sá hópur bæði mun ólíklegri til að vera ákveðinn að vera um

kyrrt og líklegri til að vera ákveðinn að flytja af landi brott. Ekki er marktækur munur á styrk þessara sambanda eftir uppruna.

*Tafla 3* sýnir niðurstöður fjölflokka aðhvarfsgreiningar (e. *multinomial regression*) á búsetufyrirætlunum. *Líkan 1* sýnir, að teknu tilliti til kyns og búsetu á höfuðborgarsvæðinu, að unglingar, sem eiga erlenda foreldra, eru ólíklegri til að vera ákveðnir að verða um kyrrt og líklegri til að vera ákveðnir að flytja af landi brott. Þannig eru unglingar sem eiga annað foreldrið af erlendum uppruna helmingi ólíklegri til að ætla að verða um kyrrt (OR: 0,50) og nærri fjórfalt líklegri (OR: 3,70) til að ætla að flytja af landi en unglingar sem eiga báða foreldra af íslenskum uppruna. Með sama hætti eru unglingar, sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna, fjórðungi ólíklegri (OR:0,73) til að ætla að vera um kyrrt en ríflega tvöfalt (OR: 2,19) líklegri til að ætla að fara en jafnaldrar þeirra af íslenskum uppruna.

Þegar öðrum þáttum hefur verið stjórnað verða áhrif uppruna foreldra á búsetufyrirætlunir að miklu leyti ómarktæk. Enginn munur er þá lengur á því að ætla mjög líklega að verða um kyrrt eftir því hvort foreldrar eru af erlendum uppruna, og unglingar sem eiga báða foreldra erlenda eru ekki líklegri en aðrir til að flytja á brott. Hins vegar eru unglingar sem eiga annað foreldrið af erlendum uppruna áfram líklegri til að ætla að flytja á brott (OR: 1,79).

Það vekur sérstaka athygli að í *Líkani 1* eru nemendur sem áttu báða foreldra erlenda nærri fjórfalt líklegri til að ætla að flytja á brott en í *Líkani 2* er þetta samband ómarktækt. Með öðrum orðum skýrist sambandið milli þess að eiga báða foreldra erlenda og þess að ætla mjög líklega að flytja af landi brott af öðrum þáttum í *Líkani 2*, sérstaklega tungumáli sem talað er á heimili og því að vera fæddur erlendis.

Aðrir þættir, sem tengjast sambandi unglingsanna við önnur lönd og menningarheima, hafa meiri áhrif. Að teknu tilliti til annarra þátta eru unglingar, sem fæddir eru erlendis, óháð því hvort foreldrar eru íslenskir eða erlendir, marktækt ólíklegri til að ætla að vera um kyrrt (OR: 0,61) og marktækt líklegri til að ætla að flytja á brott (OR: 1,66). Tungumál, sem talað er á heimili, hefur ekki marktæk áhrif á það að vilja vera um kyrrt en unglingar á heimilum, þar sem annað mál en íslenska er töluð, eru 2,46 sinnum líklegri til að vera ákveðnir í að flytja á brott. Annað mál en íslenska er talað á u.þ.b. níu af hverjum tíu heimilum þar sem báðir foreldrar eru af erlendum uppruna og um einu af hverjum tíu heimilum þar sem annað foreldrið er af erlendum uppruna. Því benda niðurstöðurnar ein-dregið til þess að tungumál á heimili skipti meira máli en uppruni foreldranna sem slíkur.

## Umræða

Í vestrænum heimi er menningarleg samsömun og þátttaka í tilteknu samfélagi í sívaxandi mæli ákvörðun sem byggir á persónulegu vali og smekk hvers einstaklings (Beck, 1992; Gibbons, 2003; Putnam, 2000). Landfræðilegir þættir skipta jafnframt sífellt minna máli í samskiptum fólks með hröðum framförum í samgöngum og upplýsingatækni og sívaxandi fólksflutningum, að ógleymdri alætumeningu hnattvæðingarinnar sem blandar saman eiginleikum ólíkra menningarheima (Gibbons, 2003). Hugtök á borð við þjóð og þjóðríki verða því sífellt óljósari eftir því sem menning, tungumál og erfðamengi verða fjölbreyttari innan landamæra einstakra ríkja og fólksflutningar og samskipti aukast milli þeirra.

Fólki af erlendum uppruna fjölgaði mjög hér á landi á fyrsta áratug 21. aldar og þrátt fyrir efnahagshrun fjölga enn börnum og unglungum af erlendum uppruna. Í ársbyrjun 2011 áttu um 10% barna á Íslandi eitt erlent og eitt íslenskt foreldri en um 6% til viðbótar áttu báða foreldra af erlendum uppruna (Hagstofa Íslands, 2011c). Jafnframt hafa flutningar

Íslenskra ríkisborgara til og frá landinu aukist mjög og um 3% barna af íslenskum uppruna á Íslandi eru fædd erlendis. Því lætur nærri að eitt af hverjum fimm börnum á Íslandi eigi erlent foreldri eða sé fætt erlendis og hafi flutt til landsins.

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að tveir af hverjum tíu unglungum, sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna, telja mjög líklegt að þeir muni í framtíðinni flytja af landi brott fyrir fullt og allt og jafnmargir telja slíkt mjög ólíklegt. Meðal nemenda af íslenskum uppruna, sem fæddir eru hér á landi, telja hins vegar aðeins einn af hverjum tuttugu mjög líklegt að þeir muni gera slíkt en rúmlega einn af hverjum þremur telur það mjög ólíklegt.

Þeir unglingar, sem helst ætla að verða um kyrrt á Íslandi, eru fæddir hér á landi, búa utan höfuðborgarsvæðisins og eru mjög stoltir af því að vera íslenskir. Jafnframt eru þeir líklegri til að eiga móður, sem ekki er með háskólapróf, og til þess að eiga mjög góð samskipti við móður en síður líklegir til að eiga mjög góð samskipti við besta vin. Þegar tekið hefur verið tillit til þessara þátta hefur uppruni foreldra og tungumál á heimili ekki marktæk áhrif á fyrirætlanir um að verða um kyrrt hér á landi.

Hins vegar eru þeir unglingar, sem helst ætla að flytja af landi brott fyrir fullt og allt, líklegri til þess að vera fæddir erlendis, búa á heimilum þar sem íslenska er ekki töluð eða eiga annað foreldrið af erlendum uppruna. Jafnframt eru þeir líklegri til að meta fjárhagsstöðu fjölskyldunnar mjög góða og vera í mjög góðum tengslum við feður sína. Hins vegar eru tengsl þeirra við besta vin lakari, þeim líkar verr í skóla og eru mun síður mjög stoltir af því að vera íslenskir.

Árið 1885 komst Ernst Ravenstein að raun um það að breskar konur væru tölfræðilega líklegri en karlar til þess að flytja búferlum. Þrátt fyrir gríðarlegar breytingar á samfélagsgerð og stöðu kynjanna á Vesturlöndum á síðustu þrettán áratugum hafa ótal rannsóknir sýnt fram á svipað mynstur innan einstakra þjóðríkja (sjá t.d. Dahlström, 1996; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2004; Hamilton og Seyfrit, 1994; King og Shuttleworth, 1995; Stefán H. Jónsson, 2004; Stockdale, 2002; Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 2006). Hvað flutninga íslenskra ríkisborgara frá landinu varðar hefur hins vegar verið gott jafnvægi milli kynja og samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar hefur kyn lítil áhrif á framtíðaráform um búsetu. Stelpur eru nokkru færri í þeim hópi sem ætlar mjög líklega að vera um kyrrt hér á landi en ekki er marktækur munur á stelpum af íslenskum og erlendum uppruna að því leyti. Þessi kynjamunur í búsetufyrirætlunum hverfur þegar tekið hefur verið tillit til annarra þátta.

Unglingar, sem eiga foreldra með háskólapróf, eru síður líklegir til að hafa ákveðnar búsetufyrirætlanir, hvort heldur sem er að verða um kyrrt eða flytja af landi brott. Ekki er marktækur munur á unglungum af innlendum eða erlendum uppruna að þessu leyti. Þegar tekið hefur verið tillit til annarra þátta er aðeins samband háskólamenntaðrar móður við minni líkur á því að verða um kyrrt tölfræðilega marktækt. Hins vegar eykur mjög góð efnahagsstaða fjölskyldunnar líkurnar á því að unglingar ætli að flytja af landi brott.

Erlendar rannsóknir benda til þess að unglingar af erlendum uppruna standi sig víða betur í námi en jafnaldrar þeirra af innlendum uppruna en það er þó ekki einhlítt (t.d. Cardak og McDonald, 2004; Glick og White, 2004; Liebkind, Jasinskaja-Lathi og Solheim, 2004; Westin, 2003). Tengsl skóla og framtíðaráforma unglunga af erlendum uppruna virðast hins vegar lítið hafa verið skoðuð. Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar tengist hærrí meðaleinkunn meiri líkum á því að unglingar af erlendum uppruna ætli að flytja á brott en slíkt samband kemur ekki fram meðal nemenda af íslenskum uppruna. Þegar allir þættir hafa verið teknir með í reikninginn fyrir hópinn í heild stendur eftir að unglingar, sem líkar mjög vel í skólanum, eru síður líklegir til að ætla að flytja af landi brott.

Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar býst tuttugasti hver unglingur af íslenskum uppruna og fimmti til sjötti hver unglingur af erlendum uppruna við því að flytja utan fyrir fullt og allt. Óháð því hvort slíkar fyrirætlanir ganga eftir eður ei gefa þessar niðurstöður sterka vísbendingu um hugarfar ungs fólks á Íslandi. Reynsla af búsetu erlendis og tengsl við önnur lönd og aðra menningarheima togar í unglíngana en stolt yfir íslensku þjóðerni tengist auknum líkum á því að vilja búa á Íslandi til frambúðar. Fyrirætlanir skólanema af erlendum uppruna tengjast svipuðum þáttum og fyrirætlanir þeirra sem eru af íslenskum uppruna að því undanskildu að erlent tungumál á heimili spáir sérstaklega sterkt fyrir um flutning af landi brott. Tímínn mun leiða í ljós að hvaða marki framtíðaráform unglínganna ganga eftir.

## Heimildir

Beck, Ulrich. (1992). *Risk society: Towards a new modernity*. London: Sage

Blake, S. M.; Ledsy, R.; Goodenow, C. og O'Donnell, L. (2001). Recency of immigration, substance use, and sexual behavior among Massachusetts adolescents. *American Journal of Public Health, 91*, 794–798.

Cardak, B. A. og McDonald, J. T. (2004). Neighbourhood effects, preference heterogeneity and immigrant educational attainment. *Applied Economics, 36*, 559–572.

Dahlström, M. (1996). Young women in a male periphery – experiences from the Scandinavian north. *Journal of Rural Studies, 12*, 259–271.

Davies, L. C. og McKelvey, R. S. (1998). Emotional and behavioural problems and competencies among immigrant and non-immigrant adolescents. *Australian and New Zealand Journal of Psychiatry, 32*, 658–665.

Gaudet, S.; Clement, R. og Deuzeman, K. (2005). Daily hassles, ethnic identity and psychological adjustment among Lebanese-Canadians. *International Journal of Psychology, 40*, 157–168.

Gibbons, M. S. (2003). Hvítarusl: Stéttvís blóraböggull fjölmenníngarvítanna. Tímarit Máls og menningar, 64(3–4), 32–37.

Glick, J. E. og White, M. J. (2004). Post-secondary school participation of immigrant and native youth: the role of familial resources and educational expectations. *Social Science Research, 33*, 272–299.

Gonzales, N. A.; Deardorff, J.; Formoso, D.; Barr, A. og Barrera, M. (2006). Family mediators of the relation between acculturation and adolescent mental health. *Family Relations, 55*, 318–330.

Guðbjörg L. Rafnsdóttir. (2004). Íslenskur sjávarútvegur við aldhvörf: Félagífræðilegur sjónarhóll. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritístjórar), *Íslensk félagífræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Gyedu-Akomako, A. N.; Inga D. Sigfúsdóttir og Bryndís B. Ásgeirsdóttir. (2000). *Social Condition of Immigrant Youth in Iceland*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.

Hagstofa Íslands. (2011a). *Erlendir ríkisborgarar 1950–2011*. Sótt af <http://www.hagstofan.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Rikisfang-Faedingarland>

Hagstofa Íslands. (2011b). *Mannfjöldi eftir ríkisfangi, kyni og aldri 1. janúar 1998–2011*. Sótt af <http://www.hagstofan.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Rikisfang-Faedingarland>

Hagstofa Íslands. (2011c). *Mannfjöldi eftir uppruna, kyni, aldri og ríkisfangi 1996–2011*. Sótt af <http://www.hagstofan.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Rikisfang-Faedingarland>

Hagstofa Íslands. (2011d). *Nemendur í grunnskólum eftir kyni og landsvæðum 1997–2010*. Sótt af <http://www.hagstofan.is/Hagtolar/Skolamal/Grunnskolar>

Hamilton, L. C. og Seyfrit, C. L. (1994). Resources and hope in Newfoundland. *Society and Natural Resources*, 7, 561–578.

Hanna Ragnarsdóttir. (2004). Vilji og væntingar: Rannsókn á áhrifaþáttum í skólagöngu erlendra barna á Íslandi. *Uppeldi og menntun*, 13, 91–110.

Isralowitz, R. E. og Slonim-Nevo, V. (2002). Substance use patterns and problem behavior among immigrant and native-born juvenile offenders in Israel. *Addiction Research and Theory*, 10, 399–414.

Janssen, M. M. M.; Verhulst, F. C.; Benghi-Arslan, L.; Erol, N.; Salter, C. J. og Crijnen, A. A. M. (2004). Comparison of self-reported emotional and behavioral problems in Turkish immigrant, Dutch and Turkish adolescents. *Social Psychiatry and Psychiatric Epidemiology*, 39, 133–140.

King, R. og Shuttleworth, I. (1995). Education, identity and migration: the case of highly-educated Irish emigrants. *Etudes Migrations*, 32, 159–174.

Liebkind, K.; Jasinskaja-Lahti, I. og Solheim, E. (2004). Cultural identity, perceived discrimination, and parental support as determinants of immigrants' school adjustments: Vietnamese youth in Finland. *Journal of Adolescent Research*, 19, 635–56.

Ma, X. (2002). The first ten years in Canada: A multi-level assessment of behavioural and emotional problems of immigrant children. *Canadian Public Policy*, 28, 395–418.

Molcho, M.; Thoroddur Bjarnason, Cristini, F.; Gaspar de Matos, M.; Koller, T.; Moreno, C.; Nic Gabhainn, S. og Santinello, M. (2009). *Foreign-born Children in Europe: An Overview from the Health Behavior in School-Aged Children Study*. Brussel: International Organization for Migration.

Ólöf Garðarsdóttir og Þóroddur Bjarnason. (2010). Áhrif efnahagsþrenginga á fólksflutninga til og frá landinu. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Þjóðarspejillinn 2010* (bls. 206–216). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Putnam, R. D. (2000). *Bowling alone: The collapse and revival of American community*. New York: Simon and Schuster.

Stefán H. Jónsson. (2004). Lýðfræði Íslands. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstjórar), *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* (bls. 137–153). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Stockdale, A. (2002). Out-migration from rural Scotland: the importance of family and social networks. *Sociologia Ruralis*, 42, 41–64.

Þóroddur Bjarnason. (2006). Aðstæður íslenskra skólanema af erlendum uppruna. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Þjóðarspejillinn, Ráðstefna VII um rannsóknir í félagsvísindum* (bls. 391–400). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Þóroddur Bjarnason. (2007). Á leið af landi brott? Framtíðaráform íslenskra unglunga vorið 2007. *Afmælisrit Háskólans á Akureyri*. Háskólinn á Akureyri.

- Póroddur Bjarnason. (2009). London calling? Preferred emigration destinations among Icelandic youth. *Acta Sociologica*, 52, 149–161.
- Póroddur Bjarnason, Andrea Hjálmsdóttir og Ársæll Már Arnarsson. (2010). Heilsa og lífskjör skólanema 2006–2010. Akureyri: Rannsóknasetur forvarna.
- Póroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson. (2006). Should I stay or should I go? Migration expectations among youth in Icelandic fishing and farming communities. *Journal of Rural Studies*, 22, 290–300.
- Vazsonyi, A. T. og Killias, M. (2001). Immigration and crime among youth in Switzerland. *Criminal Justice and Behavior*, 28, 329–366.
- Vedder, P. og Virta, E. (2005). Language, ethnic identity, and the adaptation of Turkish immigrant youth in the Netherlands and Sweden. *International Journal of Intercultural Relations*, 29, 317–337.
- Westin, C. (2003). Young people of migrant origin in Sweden. *International Migration Review*, 37, 987–1010.
- Yu, S. M.; Huang, Z. J.; Schwalberg, R. H.; Overpeck, M. og Kogan, M. D. (2003). Acculturation and the health and well-being of US immigrant adolescents. *Journal of Adolescent Health*, 33, 479–488.



Póroddur Bjarnason. (2011).  
Framtíðarbúseta unglunga af erlendum uppruna.  
Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.  
Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/032.pdf>